



Fréttabréf Flataskóla

09.10.2024

Samkennd – seigla – sjálfstjórn – sjálfstæði – skapandi hugsun

Fréttir og tilkynningar

Heil og sæl kæra forráðafólk nemenda í Flataskóla

Við í Flataskóla erum einstaklega ánægð með það hvernig haustið fer af stað. Nemendur eru vinnusamir og ró ríkir í húsinu. Eins og gengur er ýmislegt sem við þurfum að takast á við en við lítum á slík verkefni sem tækifæri til að læra og vaxa sem skólasamfélag. Nemendur hafa undanfarið unnið hörðum höndum að því að æfa skólareglurnar og umgengni á göngum skólans og gengur þeim ljómandi vel í þeirri vegferð.

Allir kennarar skólans eru á

bekkjarstjórnunarnámskeiði hjá KVAN þar sem við

fáum nú enn fleiri verkfæri til að verða samtaka í því að skapa góðan skólabrag og öruggt og rólegt námsumhverfi fyrir nemendur.

Kær kveðja,

Stjórnendur Flataskóla



Rafskútur bannaðar yngri en 13 ára

Samkvæmt nýjum umferðarlögum er börnum undir 13 ára aldri óheimilt að stýra rafhlaupahjólum og eiga þau við um nemendur Flataskóla. Þeim er því ekki heimilt lögum samkvæmt, að koma á rafhlaupahjól í skólann eða í hjólaferðir á vegum skólans.

Umferðarlögin voru samþykkt á Alþingi 24. júní sl. og þar með talið reglur um smáfarartæki en undir þann flokk falla rafhlaupahjól. Reglurnar hafa tekið gildi og kveða á um að börn yngri en 13 ára mega ekki stýra smáfarartækjum og börn undir 16 ára eiga að bera hjálm. <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2024/06/25/>



Umgengni í matsal

Undanfarið höfum við staðið frammi fyrir mjög mikilli rýrnun á hnífapörum í matsalnum. Mjög líklegt er að stór hluti þeirra hnífapara sem hverfa endi í ruslinu en nemendur lenda stundum í því að henda þeim óvart og taka þau svo ekki upp eða biðja um aðstoð heldur láta þau einfaldlega flakka. Hinsvegar er líka töluvert um það að hnífapörin séu hreinlega eyðilögð viljandi og það er alveg ferlegt. Við viljum að nemendur gangi vel um eigur skólans og átti sig á því að þetta er mikil sóun á fjármunum. Við værum þakklát ef þið væruð til í að taka spjallið heima um mikilvægi þess að ganga vel um eigur skólans. Okkur langar mun frekar að eyða peningunum okkar í eitthvað skemmtilegra en gaffla. Svo er þetta líka ferlegt fyrir umhverfið.



Samtalsdagur og starfsdagur í október

30.október eru nemendasamtöl. Opnað verður fyrir bókanir í gegnum Mentor 24.október. Þennan dag mæta nemendur ekki í skólann nema í viðalið. Hægt er að skrá þá nemendur sem eru í frístund í lengda viðveru þennan dag. Það er gert inni á Völu og mikilvægt að þeir sem ætla að nýta sér þá þjónustu muni eftir að skrá.

Skólaráð

Skólaráð hefur fundað einu sinni í vetur. [Hér](#) má sjá allt um starfsemi skólaráðs t.d. starfsáætlun og fundargerðir.



Hrekkjavaka

Framundan í skólanum er hrekkjavakan en foreldrar í öllum árgöngum blása til hrekkjavökugleði fyrir foreldra og nemendur á bilinu 27. – 30.nóveber. Hér fyrir neðan má sjá auglýsingu með tímasetningum fyrir hvern árgang.

HALLOWEEN
TAKIÐ DAGINN FRÁ!
Í FLATASKÓLA

SUNNUDAGUR 27. OKTÓBER
KL 17:00 – 18:45 : 1. BEKKUR
KL 19:15 – 21:00 : 6. BEKKUR

MÁNUDAGUR 28. OKTÓBER
KL 17:00 – 18:45 : 3. BEKKUR
KL 19:15 – 21:00 : 4. BEKKUR

ÞRIÐJUDAGUR 29. OKTÓBER
KL 17:00 – 18:45 : 2. BEKKUR
KL 19:15 – 21:00 : 7. BEKKUR

MIDVIKUDAGUR 30. OKTÓBER
KL 19:15 – 21:00 : 5. BEKKUR



Forvarnavika

Forvarnavika Garðabæjar hefst 1.nóvember og lýkur á báráttudegi gegn einelti 8.nóvember. Dagskrá forvarnaviku verður að þessu sinni tengd vinnu með nýjan samskiptasáttmála Garðabæjar.

Fréttir úr skólastarfinu á heimasíðu

Í vetur ætla árgangar að skiptast á að setja vikulega fréttir úr skólastarfinu á heimasíðu skólans. Við hvetjum ykkur til að fylgjast vel með. www.flataskoli.is

Morgunsamverur

Morgunsamverur eru nú komnar að fullu af stað og undanfarna þrjá miðvikudaga hafa 4., 5., og 6.bekkur flutt einstaklega skemmtileg atriði fyrir samnemendur sína.

Við minnum á hlý föt

Nemendur fara út í frímínútur tvisvar á dag í öllum veðrum. Það er afar mikilvægt að mæta í skólann klæddur eftir verðri.

Skóladagatal

Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóladagatal 2024 - 2025

Nafn skóla: Flataskóli

	AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ
1. F	1. S	1. M	1. F	1. S	1. M	1. F	1. S	1. M	1. F	1. S	1. M
2. F	2. M	2. F	2. S	2. M	2. F	2. S	2. M	2. F	2. S	2. M	2. F
3. S	3. F	3. S	3. M	3. F	3. S	3. M	3. F	3. S	3. M	3. F	3. S
4. M	4. F	4. S	4. M	4. F	4. S	4. M	4. F	4. S	4. M	4. F	4. S
5. M	5. F	5. S	5. M	5. F	5. S	5. M	5. F	5. S	5. M	5. F	5. S
6. F	6. S	6. M	6. F	6. S	6. M	6. F	6. S	6. M	6. F	6. S	6. M
7. M	7. F	7. S	7. M	7. F	7. S	7. M	7. F	7. S	7. M	7. F	7. S
8. F	8. S	8. M	8. F	8. S	8. M	8. F	8. S	8. M	8. F	8. S	8. M
9. S	9. M	9. F	9. S	9. M	9. F	9. S	9. M	9. F	9. S	9. M	9. F
10. M	10. F	10. S	10. M	10. F	10. S	10. M	10. F	10. S	10. M	10. F	10. S
11. S	11. M	11. F	11. S	11. M	11. F	11. S	11. M	11. F	11. S	11. M	11. F
12. M	12. F	12. S	12. M	12. F	12. S	12. M	12. F	12. S	12. M	12. F	12. S
13. F	13. S	13. M	13. F	13. S	13. M	13. F	13. S	13. M	13. F	13. S	13. M
14. S	14. M	14. F	14. S	14. M	14. F	14. S	14. M	14. F	14. S	14. M	14. F
15. M	15. F	15. S	15. M	15. F	15. S	15. M	15. F	15. S	15. M	15. F	15. S
16. F	16. S	16. M	16. F	16. S	16. M	16. F	16. S	16. M	16. F	16. S	16. M
17. S	17. M	17. F	17. S	17. M	17. F	17. S	17. M	17. F	17. S	17. M	17. F
18. M	18. F	18. S	18. M	18. F	18. S	18. M	18. F	18. S	18. M	18. F	18. S
19. F	19. S	19. M	19. F	19. S	19. M	19. F	19. S	19. M	19. F	19. S	19. M
20. S	20. M	20. F	20. S	20. M	20. F	20. S	20. M	20. F	20. S	20. M	20. F
21. M	21. F	21. S	21. M	21. F	21. S	21. M	21. F	21. S	21. M	21. F	21. S
22. F	22. S	22. M	22. F	22. S	22. M	22. F	22. S	22. M	22. F	22. S	22. M
23. S	23. M	23. F	23. S	23. M	23. F	23. S	23. M	23. F	23. S	23. M	23. F
24. M	24. F	24. S	24. M	24. F	24. S	24. M	24. F	24. S	24. M	24. F	24. S
25. F	25. S	25. M	25. F	25. S	25. M	25. F	25. S	25. M	25. F	25. S	25. M
26. S	26. M	26. F	26. S	26. M	26. F	26. S	26. M	26. F	26. S	26. M	26. F
27. M	27. F	27. S	27. M	27. F	27. S	27. M	27. F	27. S	27. M	27. F	27. S
28. F	28. S	28. M	28. F	28. S	28. M	28. F	28. S	28. M	28. F	28. S	28. M
29. S	29. M	29. F	29. S	29. M	29. F	29. S	29. M	29. F	29. S	29. M	29. F
30. M	30. F	30. S	30. M	30. F	30. S	30. M	30. F	30. S	30. M	30. F	30. S
31. F											

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru firm og skulu skiveðnir af skólastjórn í samráð við kennara og með hlífðsjón af kjarasamningum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.



**Flataskóli
Garðabæ**